



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2025
USK25100236

Svar við fyrirspurn f fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sektarálagningar Bílastæðasjóðs samkvæmt skráningu í málaskrá

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. október 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 17. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. október 2025.

Ábendingar hafa borist um að mikil brögð hafi verið að því að undanförmu að íbúar í miðborginni, með greidd og gild íbúakort, hafi ítrekað verið sektaðir að ósekju á kortasvæði sínu af Bílastæðasjóði. Óviðunandi er að borgarar þurfi ítrekað að verja tíma og fyrirhöfn í að verjast slíkri ásókn og leiðréttu ranga álagningu umræddrar borgarstofnunar, ef rétt er. Óskað er eftir skýringum á þessum vinnubrögðum og hvort gripið verði til ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir slík mistök framvegis. Einnig er óskað eftir upplýsingum um fjölda beiðna til Bílastæðasjóðs á árinu frá handhöfum íbúakorta, um endurupptöku ákvörðunar vegna álagningar stöðvunarbrotagjalds/aukastöðugjalds, ásamt samanburði við fyrri ár. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um heildarfjölda beiðna til Bílastæðasjóðs á árinu um endurupptöku ákvörðunar vegna álagningar stöðvunarbrotagjalds/aukastöðugjalds, ásamt samanburði við fyrri ár.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, deild bílastæðasjóðs.

Svar við fyrirspurn:

Við innleiðingu nýs eftirlitskerfis Bílastæðasjóðs komu upp tilvik þar sem vandræði voru með álestur íbúakorta á svæðum þar sem tvö íbúakortasvæði mætast. Fyrst um sinn þurfti að fara yfir íbúakortin handvirkt og þá komu upp dæmi þess að fyrir mannleg mistök voru sett gjöld á bifreiðar með gild íbúakort. Þegar sjálfvirkni varðandi álestur íbúakorta komst svo á í kerfinu komu í ljós þrjár villur á korti, sem voru leiðréttar samdægurs þegar þær uppgötvuðust. Ein villan hélst því miður aðeins lengur inni, þar sem leiðréttingin á kortinu fór ekki inn í kortagrunninn að fullu leyti. Þetta hefur hins vegar verið lagfært og ætti því ekki að koma fyrir lengur.

Við aðstæður sem þessar er hvert mál tekið tafarlaust til skoðunar og leiðrétt, þegar í ljós kemur að viðkomandi ökutæki hafi haft gilt íbúakort á viðkomandi svæði. Bílastæðasjóður leggur ríka áherslu á rétta málsmeðferð, sanngirni í gjaldtöku og að ökumenn þurfi ekki að verja tíma eða fyrirhöfn í að leiðréttu rangar ákvarðanir af hálfu stofnunarinnar.



Reykjavík



Þá má taka fram að unnið er að frekari úrbótum í sjálfvirkni og gagnasamskiptum milli umsóknarkerfis íbúakorta og kerfa Bílastæðasjóðs.

Árið 2024 voru 3289 beiðnir um endurupptöku ákvarðanna vegna álagningar stöðvunarbrotagjalda af 61421 aukastöðugjöldum eða 5,35%. Þar af 372 vegna íbúakorta sem ekki voru í gildi (10), íbúakort útrunnið eða í umsóknarferli (336) og íbúakort á röngu svæði (26).

Á tímabilinu 1. janúar 2025 – 1. október 2025 höfðu 3639 beiðnir um endurupptöku ákvarðanna vegna álagningar stöðvunarbrotagjalda borist af 61131 aukastöðugjöldum eða 6,0%. Þar af 301 vegna íbúakorta sem ekki voru í gildi (2), íbúakort útrunnið eða í umsóknarferli (231) og íbúakort á röngu svæði (68).

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Rakel Elíasdóttir

deildarstjóri reksturs Bílastæðasjóðs
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík